

Fréttapistill frá forseta Íslands

12. október 2020

Enn sem fyrr vofir veiran skæða yfir öllu okkar lífi. Smitum hefur fjölgað hratt og sömuleiðis þurfa fleiri að leggjast inn á sjúkrahús. Vágesturinn er áfram bráðsmitandi og einkenni koma ekki fram fyrr en seint og um síðir. Því er svo brýnt að við sýnum öll ítrustu aðgát og fækkum mannamótum um sinn; þá er líklegra að maður hafi smitað færri en fleiri ef svo illa fer að veiran hafi læst klónum í mann. Við þurfum að halda réttu jafnvægi milli nauðsynlegra sóttvarna og annarra þátta samfélagsins. Hvaða skoðun sem fólk hefur á útfærslu aðgerða stjórnvalda er sjálfsagt að allir sinni eigin vörnum, þvoi hendur og spritti vel, virði tveggja metra mannhelgi, noti grímur þar sem við á og kynni sér tilmæli og leiðbeiningar á www.covid.is. Vissulega er hætt við að festast í frösum í þessu ástandi en við erum öll almannavarnir. Það er staðreynd, ekki frasi.

Ég er hvorki sérfræðingur í sóttvörnum né sálfræði en segi fyrir sjálfan mig að þessa mæðusömu veirudaga finnst mér mikilvægt að sinna hreyfingu og halda skipulagi yfir daginn. Fyrsta dag nýliðinnar viku fór ég í skemmtilega göngu um Sogin hér á Reykjanesskaga í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Litadýrðin var mikil í þessu magnaða leirgili í nánd við Sveifluháls, náttúran köld og hlý í senn. Félagsskapurinn var hlýjan ein, fjörugur hópur með öflugum umhverfissinnum í fararbroddi, lækna Ólaf Má Björnsson og Tómas Guðbjartsson. Á mynd hér að neðan er hluti göngugarpanna.

Gaman er að sjá hversu margir halda hingað út á Álftanes og Bessastaðanes til að njóta útivistar, gangandi, hjólandi eða hlaupandi. Hér þarf bévítans veiran þó enn að minna á sig, af einhverjum völdum rekst maður á andlitsgrímur í guðsgrænni náttúrunni og birti ég tvær myndir hér því til sanninda. Ég hvet fólk til að koma grímum í ruslið að notkun lokinni.

Mánudaginn fyrir rétttri viku hlotnaðist mér sá heiður að flytja opnunarerindi á mikilli alþjóðaráðstefnu, Faith for Nature, sem haldin var rafrænt með þátttöku trúarleiddtoga og annarra um víða veröld. Mál mitt flutti ég í Skálholti og sagði meðal annars:

„In recent times, we have learned to harness the forces of nature here. We heat our homes by using our geothermal wealth. We also produce green energy in that manner, and we exploit waterfalls. We toil the soil and we fish the seas. Yes, we are blessed with natural resources but we must use them wisely, we must champion sustainability, we must respect nature. We will never be the masters of natural forces. Despite, or rather because of, all our scientific progress – the progress that will enable us to beat the virus – we must be modest, humble, and respectful.“ Ávarpið í heild má lesa og sjá hér: <https://www.forseti.is/.../2020-10-05-r%C3%A1%C3.../>. Á myndinni sem fylgir hér erum við sem þarna vorum búin að setja upp andlitsgrímur okkar utan einn sem náði ekki að fylgja hinum snögga ljósmyndara.

Síðastliðinn mánudagur var Alþjóðadagur kennara. Þann dag var tilkynnt um tilnefningar til Íslensku menntaverðlaunanna sem nú hafa verið endurvakin, góðu heilli. Verðlaunin sjálf verða svo afhent á Bessastöðum í næsta mánuði. Ég óska öllum

sem tilnefndir voru til hamingju með þann sóma. Menntun er ein meginstoð okkar samfélags og þess vegna fagna ég því að þeim, sem vinna á þeim vettvangi, sé þakkað fyrir þeirra góðu störf með þessum hætti, ekki síst nú um stundir. Upplýsingar um þá sem voru tilnefndir til Íslensku menntaverðlaunanna í ár má sjá hér:

<https://www.forseti.is/.../2020-10-06-%C3%ADslensku.../>

Síðastliðið þriðjudag voru leiðbeiningar og tilmæli til varnar veirunni hert hér á höfuðborgarsvæðinu. Af því tilefni flutti ég landsmönnum stutta kveðju á fésbók og flutti svo svipuð hvatningarorð í Ríkissjónvarpinu á föstudaginn var. Þótt margir hafi sent mér þakkir fyrir þær kveðjur og kunni þær vel að meta veit ég að sumir finna að stöðugum brýningum um samstöðu og vonum um hjartari tíð fram undan. Ég bið það fólk að taka viljann fyrir verkið. Kveðja mín á föstudaginn er svohljóðandi:

„Fólk sem aldrei lyftir neinu í samtaki, verður aldrei þjóð.“ Þetta sagði Jóhannes Kjarval eitt sinn, listamaðurinn góði sem gerði málverkið hér fyrir aftan mig. Nú þurfum við, kæru landsmenn, að lyfta oki í samtaki. Við þurfum að sýna sama einhug og reyndist okkur svo vel í vor. Já, við þurfum að standa saman – með tvo metra á milli okkar. Virðum þá reglu, þvoutum hendur vel og vandlega, notum grímur þar sem við á, kynnum okkur tilmæli á covid.is.

Við skulum líka þakka þeim sem eiga þakkar skildar. Þær starfsstéttir eru fleiri en ég fæ talið upp hér – á sviði heilbrigðis og aðhlyningar, menntunar og löggæslu, verslunar og þjónustu og er þá ekki allt nefnt. En: takk og aftur takk.

Ég veit að við erum mörg orðin þreytt. Ég veit af erfiðri stöðu margra. En hitt held ég að við vitum líka flest að ef við slítum í sundur varnarkeðju okkar slítum við líka í sundur þann þráð sem tengir okkur saman, gerir okkur að þjóð, gerir okkur að samfélagi.

Ég hef sagt það áður og segi það enn, við höfum séð það svartara og munum sjá það hjartara. Síðar á þessari öld munu ung börn segja við ömmu og afa: Hvað gerðir þú í COVID-19? Og þá verður gott að geta svarað: Ég gerði mitt besta, ég sinnti eigin sóttvörnum, ég tók tillit til annarra, ég reyndi að vera hluti lausnarinnar en ekki vandans.

Góðar stundir, kæru landar, stöndum saman.“

Kveðjuna má sjá á síðu forsetaembættisins og lesa líka á íslensku, ensku og pólsku, sjá: <https://www.forseti.is/.../2020-10-09-kve%C3%Boja-til.../>

Forvarnadagurinn var haldinn á miðvikudaginn var. Hann var með öðrum hætti en áður eins og gefur að skilja. Ekki gafst mér kostur á að heimsækja skóla og spjalla við nemendur um mikilvægi þess að hugsa vel um sjálfan sig, sinna eigin heilsu, efla með sér sjálfstraust og seiglu en hika ekki við að leita sér aðstoðar ef þörf krefur. Þetta hefur mér þótt sérlega gaman og að sama skapi súrt að ná ekki að hitta ungmennin í ár. Nú er huggun harmi gegn að nýtt myndband var búið til fyrir forvarnadaginn og má sjá það hér: <https://www.umfi.is/.../forvarnadagurinn-hvetjum-born.../>

Síðastliðið fimmtudag, 8. október, var alþjóðlegur sjónverndardagur og næsta fimmtudag er dagur hvíta stafsins, alþjóðlegur baráttudagur blindra og sjónskertra. Hægt er að sýna málefniinu stuðning með því að setja ramma á fésbókarsíðu sína,

nota myllumerki og er nánari upplýsingar að fá á heimasíðu Blindrafélagsins, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi, www.blind.is.

Á laugardaginn var, 10. október, var svo alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn. Um hann má lesa hér: <http://www.10okt.com/>. Góð heilsa er gulli betri, segir máltækið. Gull og metorð gagna ekki, gangir þú með sálarhlekki, segir í ljóði Laufeyjar Jakobsdóttur sem Bergþóra Árnadóttir samdi fallett lag við, lag sem Jóhanna Vígdís Arnadóttir söng þegar ég var settur í embætti forseta 1. ágúst 2016.

Þegar við erum komin úr kófinu vona ég að við berum gæfu til að sinna geðheilsu af enn meiri árvekni en áður. Við þurfum öll, einstaklingar og samfélagið í heild, að sýna seiglu og gefast ekki upp við mótlæti, en um leið þurfum við að sýna samkennd og samúð, hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar og ítreka þá hvatningu til landsmanna að sinna eigin sóttvörnum í hvívetna, öllum til aukins öryggis.